AUGLÝSING

um samning við Bandaríkin um hvalamálefni.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík 22. júní 1988 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Bandaríkjanna um hvalamálefni. Samkomulagið öðlaðist gildi sama dag.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. júní 1988

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

a. Orðsending sendiherra Bandaríkjanna

Reykjavík, 22. júní 1988

Hr. utanríkisráðherra,

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna sem hafa átt sér stað í Reykjavík dagana 18. og 19. júní 1988 milli fulltrúa ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um áætlun Íslendinga um hvalarannsóknir með hliðsjón af nýlegum fundum Alþjóðahvalveiðiráðsins og vísindanefndar þess, tvíhliða viðræðum í Ottawa 9. september 1987 og viðræðum í Washington 8. og 9. febrúar 1988.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna skilst að niðurstöður viðræðnanna séu þessar:

Íslensku fulltrúarnir lýstu eftirfarandi yfir um rannsóknaáætlun Íslands á árinu 1988:

1. Allt að 68 langreyðar verða veiddar á árinu 1988. Þessi fækkun á fjölda veiddra dýra stafar af því að veiðar í vísindaskyni munu hefjast seinna á þessu ári en undanfarin ár.

2. Allt að 10 sandreyðar verða veiddar á árinu 1988. Þessi skerta veiði sandreyða er ætluð til að afla upplýsinga um frumuerfðafræði, í samræmi við tillögu vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins, og til að halda áfram rannsóknum á orkubúskap þeirra.

3. Íslendingar munu auka sýnatöku á ljósátu í þeim tilgangi að tengja á nákvæmari hátt en hingað til upplýsingar um fæðu- og orkubúskap hvala við upplýsingar um líffræði ljósátu á hvalamiðunum. Tímasetning og aðferðir við sýnatöku verða við það miðaðar að þessi tilgangur náist sem best.

a. Note from the Ambassador of the United States of America

Reykjavik, June 22, 1988

Dear Mr. Minister,

I have the honor to refer to discussions held in Reykjavik on June 18 and 19, 1988 between representatives of the Governments of Iceland and the United States to discuss the Icelandic program for whale research in the context of the recent meetings of the International Whaling Commission (IWC) and its Scientific Committee, the bilateral discussions held in Ottawa on September 9, 1987, and discussions held in Washington on February 8 and 9, 1988.

My government understands that the results of those discussions are as follows:

The representatives of Iceland made the following statements about Iceland's research program for 1988:

1. Up to 68 fin whales will be taken in 1988. This reduced number results from the fact that the research program will begin at a later date in 1988 than in previous years.

2. Up to 10 sei whales will be taken in 1988. The reduced take of sei whales will be for the purpose of research on cytogenetics, as recommended by the Scientific Committee, and to continue energetics research.

3. Iceland will increase its krill sampling and will optimize the timing and methodology of the sampling in order to allow more effective correlation of information on food and energetics of whales with information on the biology of euphasiids on the whaling grounds.

4. Íslendingar munu framfylgja þeim fimm vísindalegu tillögum varðandi rannsóknaáætlun Íslendinga sem sérstaklega voru samþykktar á fundi vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins í San Diego í maí 1988.

Íslensku fulltrúarnir lýstu því ennfremur yfir að í skýrslu Íslands til ráðsins árið 1989 skv. ályktun IWC/40/32 yrðu eftirfarandi atriði tekin til athugunar:

1. Ástæður fyrir því að rannsóknir á vistfræði hvala séu eðlilegur og nauðsynlegur hluti af heildarúttekt á hvalastofnum heimsins, eða að öðru leyti brýnt rannsóknaverkefni.

2. Mikilvægi upplýsinga sem safnað var á árunum 1986 og 1987 til að meta aldur við nýliðun, kynþroskaaldur, þungunartíðni og aðra þætti er varða stofnstærð langreyða og sandreyða. Könnun á breytingum sem komið hafa fram þegar nýlegar rannsóknaniðurstöður eru bornar saman við upplýsingar frá atvinnuveiðum.

3. Alyktanir sem hægt er að draga varðandi greiningu á mismunandi stofnum langreyða og sandreyða í Norður-Atlantshafi með rafdrætti eggjahvítuefna og öðrum líffræðilegum rannsóknum íslenskra vísindamanna.

Á grundvelli framangreinds mats á rannsóknaáætlun Íslands fyrir árið 1988 og í ljósi þess að Íslendingar munu taka til athugunar þau atriði sem talin er upp hér að framan, féllust Bandaríkin á það að áætlun Íslands mundi ekki draga úr virkni Alþjóðasáttmálans um skipan hvalveiða eða verndunarákvæða hans.

Ég leyfi mér að fara þess á leit að þér staðfestið að framangreint sé einnig skilningur ríkisstjornar Íslands.

Virðingarfyllst,

Nicholas Ruwe
Sendiherra Bandaríkjanna

Hr. utanríkisráðherra
Steingrímur Hermannsson
Reykjavík

4. Iceland will carry out the five specific scientific recommendations concerning the Icelandic research program adopted by the Scientific Committee at its San Diego meeting in May 1988.

The representatives of Iceland also stated that Iceland would address the following matters in its report to the IWC in 1989, pursuant to IWC/40/32.

1. The reasons why research on the ecological role of whales constitutes a reasonable and necessary contribution to the comprehensive assessment or a critical research need in its own right.

2. Contributions that the data gathered in 1986 and 1987 have made to estimating the ages of recruitment, the ages at sexual maturity, the pregnancy rates or other population parameters of fin and sei whales. Analysis of trends that have been revealed by comparison of these recent results with earlier data from commercial catches.

3. The inferences that can be drawn regarding the stock identities of fin and sei whales in the North Atlantic from the electrophoretic and biochemical analyses undertaken by Icelandic scientists.

Based on the foregoing understanding of the Icelandic research program for 1988, and the fact that Iceland would address the matters enumerated above, the United States agreed that the Icelandic program would not diminish the effectiveness of the International Convention for the Regulation of Whaling or its conservation program.

I should be grateful if you would confirm that this is also the understanding of the Government of Iceland.

Sincerely,

Nicholas Ruwe
American Ambassador

His Excellency
Steingrimur Hermannsson,
Minister for Foreign Affairs,
Reykjavik.

b. Svarorðsending utanríkisráðherra

Reykjavík, 22. júní 1988

Hr. sendiherra,

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar dags. 22. júní 1988 sem hljóðar svo:

[Sjá orðsendingu hér að framan.]

Ég leyfi mér að staðfesta að framangreint sé einnig skilningur ríkisstjórnar Íslands á niðurstöðum viðræðnanna.

Ég votta yður, hr. sendiherra, virðingu mína.

Steingrímur Hermannsson

Hr. L. Nicholas Ruwe
Sendiherra Bandaríkjanna
Reykjavík

b. Reply of the Minister for Foreign Affairs

Reykjavik, 22 June 1988

Dear Mr. Ambassador,

I have the honour to refer to your letter of 22 June 1988 which reads as follows:

[See Note above.]

I have the honour to confirm that the foregoing is also the understanding of the Government of Iceland.

Accept, Mr. Ambassador, the assurances of my highest consideration.

Steingrímur Hermannsson

H.E. Mr. L. Nicholas Ruwe,
Ambassador of the United
States of America,
Reykjavik

5. júlí 1988 Nr. 7

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

Hinn 1. júlí 1988 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samþykktar ráðs Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) nr. 15/1987 frá 14. desember 1987 um breytingu á samningi frá 4. janúar 1960 um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1970. Breytingin öðlaðist gildi 1. júlí 1988.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 5. júlí 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.